

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Guðmundur G Sigurbergsson
Kt. 1407644779
Dags. 12.5.2025 15:54:06
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAB
Málfríður Sigurhansdóttir
Kt. 2803655649
Dags. 12.5.2025 16:44:34
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Gunnar Gunnarsson
Kt. 1007842979
Dags. 12.5.2025 15:56:19
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAB
Gunnar Þór Gestsson
Kt. 1102713369
Dags. 12.5.2025 17:20:31
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Sigurður Óskar Jónsson
Kt. 3107873379
Dags. 12.5.2025 16:18:45
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAB
Jóhann Steinar Ingimundarson
Kt. 1509744619
Dags. 12.5.2025 21:15:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Ragnheiður Högnadóttir
Kt. 0706635979
Dags. 12.5.2025 16:20:33
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAB
Guðmunda Ólafsdóttir
Kt. 2212685049
Dags. 13.5.2025 14:40:23
Ástæða: Undirritun



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

FUNDARGERÐ
STJÓRNAR

15. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 28. mars 2025 á Selfossi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Málfríður Sigurhansdóttir (MS) á fjarfundi, Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Hallbera Eiríksdóttir (HE), Rakel Másdóttir (RM), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ) fulltrúi ungmennaráðs UMFÍ

Formaður setti fund kl. 15:23

1. Upplýsingagjöf

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi

2. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 7. fundargerð móta- og viðburðanefndar
- 8. fundargerð móta- og viðburðanefndar
- 1. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2025
- 6. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2025
- 5. fundargerð fræðslunefndar
- 4. fundargerð sk ólabúðanefndar
- 6. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 9. fundargerð fjárhags- og greiningarnefndar
- 2. fundargerð starfshóps um áfengismál
- 19. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 20. fundargerð framkvæmdastjórnar

3. Erindi frá nefndum

Frá fræðslunefnd

- Lagt er til við stjórn UMFÍ að hægt verði að nálgast allt fræðsluefni og/eða tengla á það í gegnum heimasíðu UMFÍ í stað þess að það sé á mörgum stöðum. Einnig að fræðsluefnið verði sett fram á netnámskeiðum eftir fremsta megni.
- Lagt er til við stjórn UMFÍ að farið verði í samtal við ÍSÍ um fjármögnun og aðkomu beggja samtaka við úrvinnslu á tillögnum sem koma fram í skýrslunni um sjálfbærni. Fræðslunefnd styður þær tillögur sem koma þar fram en vekur athygli á því að verkefnið um umfangsmikið og þarf því bæði tíma og fjármagns til þess að árangur náist.
- Lagt er til við stjórn UMFÍ að til þess að ljúka verkefninu Betra félag, þá verði það unnið í samstarfi við svæðisstöðvar íþróttahéraða.

Stjórn samþykkir tillögurnar samhljóða og felur framkvæmdastjóra úrvinnslu málanna.

Frá móta- og viðburðanefnd

Breyting á reglugerð um Unglingalandsmót. Í stað greina 2.1 og 2.2 sem hljóða svo:

- *2.1 Stjórn UMFÍ skal árlega auglýsa eftir mótshöldurum meðal sambandsaðila. Tilkynna skal um val á mótssstað á Unglingalandsmóti hverju sinni með að minnsta kosti tveggja ára fyrirvara.*
- *2.2 Í umsókn skal tilgreina drög að þeim íþróttagreinum sem mótshaldari óskar eftir að keppt sé í. Með umsókn skal fylgja samþykki sveitarstjórnar á væntanlegum mótssstað.*

Lagt er til að ný grein 2.1. verði eftirfarandi:

- *Stjórn UMFÍ skal leita eftir mótshöldurum meðal sambandsaðila. Tryggja skal að samþykki sveitarfélaga á mótssstað sé fyrir hendi. Tilkynna skal um val á mótssstað á Unglingalandsmóti hverju sinni með að minnsta kosti tveggja ára fyrirvara.*
- Grein 2.2. fellur út. Grein 2.3 verður því 2.2 o.s.frv.

Stjórn samþykkir tillögurnar samhljóða.

4. Staða nefndarstarfs og verkefni

- Farið yfir stöðu verkefna stjórnar, nefnda og skrifstofu.
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða - sex mánaða skýrsla og minnisblöð lögð fram til kynningar. Stjórn þakkar fyrir góða skýrslu og hvetur svæðastöðvarnar til að koma upplýsingum úr skýrslunni á framfæri við íþróttahéruðin.
- Bréf til dómsmálaráðherra frá ÍSÍ, UMFÍ, ÖBÍ, ÍBR og KSÍ um ólöglega veðmálastarfsemi lagt fram til kynningar.

5. Fjármál

- Farið yfir drög að ársreikningi 2024

6. Ferðakostnaður íþróttahreyfingarinnar

- Stjórn UMFÍ vekur athygli á stöðu samgöngumála og áhrifum þeirra á íþróttastarf í landinu. Ástand þjóðvega landsins er reglulega verið í umræðunni. Umferðarþungi, snjósmokstur og ástand vega hefur mikil áhrif á öryggi íþróttaiðkenda, sem eru mikið á ferðinni, bæði í styttri ferðir til æfinga eða lengri vegna keppni. Oft leggja foreldrar af stað í ferðir þegar færð og veður eru tvísýn. Ferðirnar eru dýrar og kostnaðurinn leggst einkum á landsbyggðarfélög og skapar ójafnræði milli þeirra og félaga á höfuðborgarsvæðinu. Framlag í ferðasjóð íþróttahreyfingarinnar hefur ekki hækkað frá árinu 2017 og er mikilvægt að hækka það, meðal annars sökum hækkunar á kostnaði við ferðir og mögulegra tafa íþróttafólks á öllum aldri vegna misgóðra samgangna.

UMFÍ hvetur nýja ríkisstjórn til að hafa þessi atriði í huga við stefnumótun sína, meðal annars við endurskoðun samgönguáætlunar. Forsvarsfólk UMFÍ er ávallt reiðutilbúið til viðræðna um leiðir og lausnir í málinu

7. DGI, samningur um verdensholdet

- Vinnubúðir og sýningar Verdensholdet fara fram á Íslandi í mars 2026. UMFÍ tekur að sér skipulagningu verkefnisins á Íslandi. Samningur lagður fram til samþykktar. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að skrifa undir samninginn. Stjórn felur jafnframt framkvæmdastjóra að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir næsta fund og að gera ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun 2026.

8. Skólahreysti

- Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

9. Tilnefning í stjórn getspár og á aðalfund

- Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að fulltrúar UMFÍ í stjórn Getspár verði þeir sömu og áður; Jóhann Steinar Ingimundarson og Ragnheiður Högnadóttir til vara. Jafnframt verði framkvæmdastjóra falið að manna fulltrúa UMFÍ á aðalfundinn. Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

10. Heiðranir

- Breyting á reglugerð þess efnis að framkvæmdastjórn fái heimild til að veita gullmerki. - Samþykkt samhljóða.
- Samþykkt að veita þrjú gullmerki og eitt starfsmerki

11. Bréf sem borist hafa

- Aðalfundur og tilnefning í stjórn Getspá
- Boð á Landsstæвне í Vejle
- Boð á skátaþing
- Boð á aukaðing HSS
- Græni herinn - Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi með fulltrúum Græna hersins. Óskað var eftir frekari gögnum með tölvupósti um aðkomu þeirra að verkefninu. Svar hefur ekki borist, en málið verður kynnt fyrir stjórn þegar nánari upplýsingar berast.

12. Fundir og ferðir

- 20.2.'25 JSI og AIP á fundi með forsvarsmönnum Græna hersins.
- 21.2.'25 Fulltrúi UEFA í heimsókn hjá UMFÍ í tengslum við styrkveitingu.
- 22.2.'25. JSI og AIP á ársþingi KSÍ.
- 25.2.'25 JSI á fundi getspar
- 27.2.'25 AIP á fundi getrauna
- 3.2.'25 JSI og AIP með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ.
- 4.3.'25 AIP á fundi sérsambanda í boði KSÍ.
- 6.3.'25 AIP á stjórnarfundum ÆV.
- 7.3.'25 AIP, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Elísabet H. Salvarsdóttir á ráðstefnunni konur og íþróttir á vegum ÍSÍ og UMFÍ
- 7.-16.3.'25 Jón Aðalsteinn Bergsveinsson á Special OL á Ítalíu.
- 11.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Norðurlandi eystra.
- 11.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Suðurnesjum.
- 11.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Norðurlandi vestra.
- 12.3.'25. RH og AIP á fundi með UMSS á Sauðárkróki vegna ULM 2025.
- 13.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Austurlandi.
- 13.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Vesturlandi.
- 13.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Suðurlandi.
- 13.3.'25 Haukur Valtýsson á ársþingi HSP á Húsavík.

- 14.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Höfuðborgarsvæðinu.
- 16.3.'25 GÞG á ársþingi USAH á Blönduósi.
- 18.3.'25 AIP á kynningu á úttekt á ferðasjóði íþróttafélaga hjá ráðuneyti.
- 19.3.'25 JSI, AIP, forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi með íþróttahéruðum á Vestfjörðum.
- 22.3.'25. JSI og AIP á ársþingi UMSK.
- 22.3.'25 Halla Margrét Jónsdóttir og Eiður Andri Guðlaugsson á aðalfundi Nordung.
- 24.3.'25 JSI á fundi með Getspá með dómsmálaráðherra.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 18:36

SÓJ ritaði fundargerð